

ITS3A05 (Iðnteikning stálsmiða)

Námsáætlun, Haustönn 2023

Kennari/kennarar:

Haraldur Gylfason

Netfang/netföng:haraldur.gylfason@borgo.is**Lýsing:**

Áfanginn er framhaldsáfangi í teiknifræðum og öðlast nemendur frekari þjálfun í lestri og gerð fagteikninga samkvæmt gildandi stöðlum, reglum og reglugerðum sem gilda fyrir fagteikningar í blikksmíði. Að áfanganum loknum skulu nemendur vera einfærir um að lesa og vinna eftir teikningum á vinnustað. Jafnframt skulu þeir vera einfærir um að teikna og útfæra smíða- og lagnateikningar fyrir einstök verkefni. Nemendur hljóta þjálfun í að nota handbækur og efni á netinu.

Námsmat:

Námsmat byggir á verkefnavinnu, bæði í skóla og heima. Kostir leiðsagnarmats eru nýttir.

Verkefnamappa 14 verkefni	40%	(Námsmat 1)	Lágmarkseinkunn 5
Frágangur Verkefnamappa	20%	(Námsmat 1)	Lágmarkseinkunn 5
Lítill grafa (A)	20%	(Námsmat 2)	Lágmarkseinkunn 5
Röra teikning Isometric (B)	20%		
Samtals	100%		

- Mappa sem nemendur skila og er metinn sem 45%. Það er 90% skilaskilda.
- Skili nemandi ekki möppunni er kennara heimilt að gefa nemandanum 0 fyrir hana þá telst nemandinn fallinn í áfanganum.
- Vanti hinsvegar 5% af verkefnum lækkar einkunn sem því nemur.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Fyrir hverjar 5 einingar í áfanga liggja að baki **105 klst** í vinnu nemenda. Nemendur munu vinna verkefni í tímum sem og utan þeirra. Námsfnið er umfangsmikið og því nauðsynlegt að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð og námsaga. Gert er ráð fyrir tveimur til þremur tíma á viku í nám utan kennslustunda.



Námsgögn:

Verkefnahefti frá kennara
Töflubók

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- stöðlum, merkingum og táknum sem sérkenna fagteikningar blikksmiða.
- teikniaðferðum til að gera útflatninga af margbrotnum tengistykkjum.
- þeim aðferðum sem notaðar eru við samsetningu stokka og tengistykkja.
- tvívíðum og þrívíðum hnitakerfum.
- ísómetrískum teikniaðferðum.
- handbókum sem notaðar eru við gerð útflatningateikninga.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- teikna útflatninga af ýmsum hlutum, t.d loftræstikerfum.
- smíða eftir teikningum.
- taka mál og smíða stykki á verkstæði eftir þeim málum sem hann tekur.

Hæfniviðmið.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- lesa teikningar loftræstihönnuða.
- teiknað vinnuteikningar af einstökum og samsettum smíðahlutum eftir samsettri heildarteikningu.
- teiknað vinnuteikningar af einstökum og samsettum smíðahlutum eftir uppmælingu og skissu.
- teiknað samsetta útflatninga úr grunnformum, t.d. sívalningum, strendingum og pýramídum.
- notað handbækur við teikningu flókinna útflatninga.

